



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

05  
05 20  
22

# Víkingur og John Adams



# Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsínum meðan á tónleikum stendur.

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.**

## Tímalengd verka:

Short Ride in a Fast Machine: 4'

Must the Devil Have All the Good Tunes?, píanókonsert: 26'

Harmonielehre: 39'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA  
Eignastýring

05|05

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30

GULA RÖÐIN

# Víkingur og John Adams

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

**John Adams**  
hljómsveitarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson**  
einleikari

## Efnisskrá

John Adams  
**Short Ride in a Fast Machine**  
(Stutt ferð í hraðskreiðu farartæki, 1986)

John Adams  
**Must the Devil Have All the Good Tunes?, píanókoncert**  
(Þarf skráttinn að eiga öll góðu lögin?, 2018)  
I. Gritty, funky, but in Strict Tempo; Twitchy, Bot-like  
II. Much Slower; Gently, Relaxed  
III. Piú Mosso: Obsession / Swing

## Hlé

John Adams  
**Harmonielehre** (Hljómæfing, 1985)  
I. First Movement  
II. The Anfortas Wound  
III. Meister Eckhardt and Quackie

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:  
**[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)**



# John Adams

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

John Adams (f. 1947) er eitt þekktasta núlifandi tónskáld veraldar ásamt því að njóta mikillar virðingar sem hljómsveitarstjóri. Hann er brautryðjandi í þeirri grein sem kennd er við naumhyggju eða mínímalisma. Hann nam tónsmíðar við Harvard og lauk þaðan meistaraprófi árið 1971. Hann hóf að stjórna hljómsveitum þegar á háskólaárunum en eftir útskrift kenndi hann tónsmíðar um tíu ára skeið við Tónlistarháskólann í San Francisco.

Adams gegndi um árabíl stöðu listræns ráðgjafa Sinfóníu-hljómsveitarinnar í San Francisco og Kammersveitarinnar í St. Paul og hefur komið fram sem hljómsveitarstjóri með mörgum af helstu hljómsveitum heims, s.s. Fílharmóníusveitinni í New York, Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago, Cleveland-hljómsveitinni, Fílharmóníusveitinni í Los Angeles, Lundúnasinfóníunni og Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam. Efnisskrá hans sem hljómsveitarstjóra spannar vítt svið en ásamt því að stjórna eigin verkum hefur hann stjórnað verkum tónskálda á borð við Debussy, Copland, Haydn, Reich, Wagner og Zappa.

Adams hefur samið fjölda verka sem mörg hver eru meðal hinna mest fluttu í heiminum á sviði samtímatónlistar, þar á meðal hið mikilfenglega *Harmonielehre* (Hljómaæfing, 1985) sem og lúðrabyturinn (fanfare) *Short Ride in a Fast Machine* (Stutt ferð í hraðskreiðu farartæki, 1986). Enn fremur hefur hann samið þrjá píanókonserta. Þá er Adams ekki hvað síst þekktur fyrir óperur á borð við *Nixon in China* (Nixon í Kína, 1987) og *Doctor Atomic* (Atómdoktorinn, 2005). Tónsmíðar hans eru jafnan á efnisskrám allra helstu hljómsveita og óperuhúsa heims. Adams hefur að auki hlotið fimm Grammy-verðlaun og er handhafi sex heiðurdoktorsnafnbóta.



# Víkingur Heiðar Ólafsson

## EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson er heimsþekktur píanóleikari og kunnur ekki hvað síst fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og framsýni í verkefnavali. Hann hefur hljóðritað fjórar plötur fyrir Deutsche Grammophon sem allar hafa hlotið frábærar viðtökur og hefur þeim samtals verið streymt yfir 260 milljón sinnum: *Philip Glass Piano Works* (2017), *Johann Sebastian Bach* (2018), *Debussy / Rameau* (2020) og *Mozart & Contemporaries* (2021). Dagblaðið *The Daily Telegraph* hefur kallað hann „hina nýju súperstjörnu klassíska píanóheimsins“ og stórblaðið *The New York Times* sagði hann vera „Glenn Gould Íslands“.

Víkingur Heiðar hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna. Hann var meðal annars valinn listamaður ársins hjá breska tónlistartímaritinu *Gramophone* árið 2019 og hefur tvívegis hlotið Opus Klassik verðlaunin fyrir bestu einleiksplötu, auk verðlaunanna Plata ársins hjá *BBC Music Magazine*. Víkingur Heiðar hefur leikið einleik með mörgum helstu hljómsveitum heims, þar á meðal með Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam og Tékknesku fílharmóníusveitinni, og verið staðarlistamaður við tónlistarhús á borð við Konzerthaus í Berlín. Þá hefur hann deilt ástríðu sinni fyrir tónlist gegnum sjónvarps- og útvarpsþætti, og má þar nefna þættina *Útúrdúr* á RÚV, *Píanógoðsagnir* á Rás 1 og *Front Row* á BBC Radio 4 þar sem hann var staðarlistamaður um þriggja mánaða skeið.

Víkingur Heiðar er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22. Fyrr á starfsárinu flutti hann píanókonserta eftir þá Thomas Adès og Daníel Bjarnason, þá undir stjórn tónskáldanna sjálfra. Tónleikarnir í kvöld eru þeir þriðju í sömu röð og nú er komið að John Adams en píanókonsertinn *Must the Devil Have All the Good Tunes?* (þarf skrattinn að eiga öll góðu lögin?) hefur Víkingur Heiðar flutt undir stjórn tónskáldsins víða um heim.



# John Adams

## SHORT RIDE IN A FAST MACHINE

Það er í sjálfu sér ekki auðvelt að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu naumhyggja (mínímalismi), það er að segja að öðru leyti en því að þessi tónlistarstefna kom fram á sjöunda áratug 20. aldar sem nokkurs konar svar við módernisma og var þá kennd við „and-módernisma“. Kveikjan var óánægja ungra tónskálda með þróun sem orðið hafði í tónsmíðaaðferðum og nú vildu þau velta í rústir og byggja á ný. Úr þessu umhverfi sprettur tónlist Johns Adams (f. 1947) en hann er jafnan talinn einn af forvígismönnum naumhyggjunnar og þá kannski enn fremur síð-naumhyggjunnar (post-mínímalisma), enda nokkuð yngri en þeir menn sem riðu á vaðið, tónskáld á borð við Steve Reich (f. 1936) og Philip Glass (f. 1937).

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Short Ride in a Fast Machine* hefur hljómað nokkrum sinnum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, síðast á tónleikumum Klassíkin okkar árið 2019 undir stjórn Daníels Bjarnasonar.

Lúðraþyturinn (fanfare) *Short Ride in a Fast Machine* er í hópi stystu tónsmíða Adams. Verkið var upphaflega pantað af Sinfóníuhljómsveitinni í Pittsburgh sem frumflutti það árið 1986 undir stjórn Michaels Tilson Thomas. Sjálfur hefur Adams líkt verki sínu við upplifunina „þegar einhver býður þér far í frábærum sportbíl en þú sérð eftir því þegar hann er kominn af stað“. Þannig háttaði einmitt til að vinur tónskáldsins átti ítalska bifreið og bauð Adams í ökuferð um svipað leyti og hann hóf að semja verkið. Ferðinni hefur Adams lýst sem bæði ánægjulegri og ógnvænlegri í senn og birtist sú reynsla að einhverju leyti í verkinu sjálfu.

Verkið tekur um fjórar mínútur í flutningi en því má gróflega skipta niður í fjóra hluta. Helsta einkenni þess eru hrynbútar sem eru endurteknir hvað eftir annað, þar á meðal af tifandi trékubbum sem ganga í gegnum fyrstu þrjá hluta verksins, þ.e.a.s. trékubbarnir eru að nokkru leyti ríkjandi uns hinn eiginlegi lúðraþytur hefur sig upp í lok verksins. Að sögn tónskáldsins einkennist verkið enn fremur af „dans“ dýpri hljóðfæra hljómsveitarinnar í kringum hinn ósveigjanlega hrynkubbsins.

# John Adams

## MUST THE DEVIL HAVE ALL THE GOOD TUNES? PÍANÓKONSERT

Þessi þriðji píanókonsert Johns Adams var frumfluttur af Yuju Wang og Fílharmóníusveitinni í Los Angeles undir stjórn Gustavos Dudamel's í Los Angeles í mars 2019 en áður hafði hann samið konsertana *Eros Piano* (1989) og *Century Rolls* (1996). Heiti hans er sótt í fleyg orð sem oft eru eignuð siðbótarfrömuðinum Marteinu Lúther: „Þarf skrattinn að eiga öll góðu lögin?“

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Píanókonsertinn *Must the Devil Have All the Good Tunes?* hefur aldrei áður verið fluttur á Íslandi. Hér er því um frumflutning að ræða hér á landi.

Konsertinn er í þremur samhangandi þáttum og að mörgu leyti í hefðbundnu *hratt-hægt-hratt* formi. Píanistinn er að allan tímann (og hefur nóg að gera). Hann hefur strax leikinn með hljómveitinni á bassatónum (merkt *Gritty, funky, but in Strict Tempo*). Þar leikur tónskáldið sér með ólíka taktboða, til að mynda 9/8 áður en tempóið sest í jafna taktboðann 4/4. Smám saman þykkjar áferð tónsmíðarinnar um leið og umfang hennar vex. Við heyrum síkvika endurtekningu aðalstefsins (merkt *Twitchy, Bot-like*) þar sem „honký tonk“ píanóið tekur undir með sólistanum (við heyrum meðal annars óljósa tilvitnun í verk Henrys Mancinis, *Peter Gunn*). Smám saman þéttast hljómarnir, einleiksparturinn færast meira yfir í krómatík og einleikari og hljómveit kallast á í óræðum hljómum.

Verkið færast saumlaust yfir í annan þáttinn (merkt *Much Slower; Gently, Relaxed*) þar sem við heyrum dempaða strengina leika undir fínlega skreyttum einleikspartinum sem er í senn æðrulaus en um leið leitandi þar sem laglínar hleypur upp og niður með lýrskum hætti. Skyndilega erum við komin yfir í lokapáttinn (merkt *Piú Mossó: Obsession / Swing*) þar sem við hefjum leik í taktboðanum 12/8. Upphafið er dæmigerð naumhyggja en smám saman vex verkið og dafnar. Við heyrum einleikspartinn færast jafnt og þétt í aukana um leið og hljómveitin leikur þétt undir, oft á aukaslögum. Takið til að mynda eftir slagverkinu. Einleiksparturinn verður á endanum æsilegur og hleypur upp og niður eftir nótnaborðinu. Skyndilega heyrum við hljómveitina halda þrisvar úti tóninum D (í áttundum) áður en einleikshljóðfærið ítrekar stef allt til enda konsertsins.

Þó svo að píanókonsertinn *Must the Devil Have All the Good Tunes?* sé ekki nema fjögurra ára gamalt verk hefur hann verið mikið leikinn, m.a. af Víkingi Heiðari Ólafssyni undir stjórn tónskáldsins, víða um heim. Honum hefur verið lýst sem „sprengigosi af orku og uppfinningasemi“, það er að segja sem ómótstæðilegri blöndu af virtúósatækni Liszts, djassi og „honký-tonk“ píanóspili.

# John Adams

## HARMONIELEHRE

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Verkið *Harmonielehre* hefur aldrei verið flutt á Íslandi og er því frumflutt hérlendis í kvöld.

Sjálfur hefur John Adams lýst hinu mikilfenglega *Harmonielehre* sem trúarjátningu „á mátt tóntegundanna“. Það var fullsamið árið 1985 og hefur fyrir löngu skipað sér í flokk sígildra nútímaverka. Þannig eru flestir á því að það sé lykilverk í sögu bandarískrar naumhyggju. Gagnrýnandi breska tónlistartímaritsins *Gramophone* sagði einmitt að verkið væri það „næsta sem komist verður naumhyggju-sinfóníu“.

Hlustendum er hent beint í öldurótið þar sem hljómsveitin leikur sterka, endurtekna e-moll hljóma áður en við tekur viðkvæmari (aftur endurtekin) tónlist, en svo eru e-moll hljómarinn ítrekaðir – en hér er komið eitt einkenni verksins, það er að segja „æfing í hljómunum“ eða *Harmonielehre*. Þessi hljómar skjóta aftur og aftur upp kollinum í þættinum og mynda þannig nokkurs konar stef, milli þess sem hljómsveitin leikur eins konar millispil (e. *chordial gates*) þar sem tónskáldið leikur sér með tóntegundir með hætti sem er ekki alveg óskyldur verkum Schönbergs (Leon Kirchner, einn af kennurum Adams við Harvard, hafði einmitt verið nemandi Schönbergs). Kannski má lýsa þættinum sem bogalöguðum þar sem hann rís hæst um miðbikið með lýrsku stafi áður en honum lýkur með ítrekuðum e-moll hljómunum, það er að segja stefinu sem við heyrðum í upphafi.

Næst tekur við lýrskur kafli (nefndur *Sár Anfortas*). Á þeim tíma sem Adams samdi *Harmonielehre* las hann verk Carls Jungs um frásögnina af Artúri konungi og sárið sem aldrei gat gróið. Við heyrum hér lýsingu tónskáldsins á þessari frásögn, sem rís hæst í tveimur risavöxnum hendingum, meðal annars nánast beinni tilvitnun í 10. sinfóníu Mahlers. Þá heyrum við afar lýrskt og glæsilegt trompetsóló í kaflanum; það hljómar yfir hljómsveitinni sem leikur litlar þríundir.

Lokapátturinn (merkt *Meistari Eckhardt og Quackie*) hefst á nokkur konar barnagælu. Heiti kaflans er sótt í draum sem Adams dreymdi stuttu eftir að dóttir hans, Emily, fæddist en foreldrarnir kölluðu hana Quakie í stuttan tíma eftir fæðinguna. Í draumnum bar hin óljósa miðaldavera, Meistari Eckhardt, Emily á öxlum sér á meðan þau máluðu loftið í einni af gömlu dómkirkjunum. Barnagælan sem við heyrum í upphafi verður smám saman hraðari og hraðari og nær hámarki í nokkurs konar ölduróti brass og slagverks yfir pedal-hljómi í Es-dúr.

Magnús Lyngdal Magnússon




# Á DÖFINNI

**18|05**

MÍÐVIKUDAGUR

KL. 20:00



## Eva stjórnar Shostakovitsj

Fáar sínfóníur 20. aldar hafa náð þvílíkri hylli sem fimmta sínfónía Shostakovitsj enda er hún magnþrungin og glæsileg, gædd dýpt og einlægri tjáningu. Shostakovitsj kallaði verkið „listrænt svar sovésks listamanns við réttmætri gagnrýni“ en tónlistina er hægt að skilja á ýmsa vegu. Þetta er einstakt tækifæri til að heyra eina mögnuðustu sínfóníu 20. aldar undir stjórn Evu Ollikainen, aðalstjórnanda Símfóníuhljómsveitar Íslands. Tónleikunum er einnig sjónvarpað beint á RÚV og eru þeir um klukkustundarlangir án hlés.

**03|06**

FÖSTUDAGUR

KL. 19:30

**04|06**

LAUGARDAGUR

KL. 17:00



## Barbara Hannigan á Listahátíð í Reykjavík

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan kemur nú í fyrsta sinn til Íslands og er víst að tónleikar þessarar frábæru tónlistarkonu verða stórvíðburður í tónlistarlífinu. Barbara Hannigan stjórnar og syngur með Símfóníuhljómsveit Íslands á tvennum tónleikum í Eldborg í Hörpu á opunarhelgi Listahátíðar í Reykjavík í vor. Á efnisskrá tónleikanna hefur Barbara Hannigan valið fjölbreytt úrval verka frá fyrstu áratugum 20. aldar, allt frá heillandi síðrómantík yfir í hressilega sveiflu Broadway-söngleikja. Syrpa með eftirlætislögum úr söngleikjum George Gershwin hefur farið sigurför um heiminn eftir að Hannigan söng hana inn á plötu árið 2018. Svítan úr Lulu sýnir aðra hlið á þessari glæsilegu söngkonu, en hún hefur vakið heimsathygli fyrir túlkun sína á söguhetjunni í óperunni Lulu eftir Alban Berg.



Listahátíð í Reykjavík

# Barbara Hannigan

Syngjandi hljómsveitarstjórinn



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

→ Eldborg  
**3. & 4. júní**

# 05 05 20 22 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir,  
konsertmeistari  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Pétur Björnsson  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laura Liu  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Andrzej Kleina  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. fiðla

Páll Palomares  
Ísak Ríkharðsson  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Justyna Bidler  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Łucja Koczot  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Svava Bernharðsdóttir  
Ásta Kristín Þjetursdóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Margrét Árnadóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Helga Björg Ágústsdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir

## Bassi

Xun Yang  
Jacek Karwan  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Þórir Jóhannsson  
Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Kristín Ýr Jónsdóttir  
Martial Nardeau  
Sólveig Magnúsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Baldvin Ingvar Tryggvason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Arvid Larsson  
Bryndís Þórsdóttir  
Dagbjört Ingólfssdóttir  
Brjánn Ingason

## Horn

Joseph Ognibene  
Frank Hammarin  
Emil Friðfinnsson  
Simen Fegran

## Trompet

Einar Jónsson  
Jóhann Már Nardeau  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Tal Ben-Rei

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Nimrod Ron  
Matthew Hightower

## Harpa

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## Píanó / Celesta / Synthesizer

Helga Bryndís Magnúsdóttir  
Árni Heiðar Karlsson

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Kjartan Guðnason

## Rafbassi

Richard Korn

Ásthildur Ákadóttir, flettari  
Sigurður Kristinsson, píanóstíllir  
Lárus H. Grímsson, tækni á sviði

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi  
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi  
Kornilios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri  
Dániel Bjarnason listamaður í samstarfi  
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld  
Víkinger Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

## Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri  
Halla Oddný Magnúsdóttir listrænn ráðgjafi  
Valdís Þorkelsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri

Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Inga María Leifsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi  
Dagrún Hálfðánardóttir mannauðsstjóri  
Svanhvit Hrólfssdóttir fjármálastjóri  
Kristbjörg Clausen nótnavörður  
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað umsjónarmaður nótna  
Sigþór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála  
Björk Björgúlfssdóttir sviðsmaður

*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



**KVIKA**  
*Eignastýring*